

SOLID CLOUDS HF. – boðun hluthafafundar

Hluthafafundur Solid Clouds hf. verður haldinn kl. 16:00 miðvikudaginn 1. apríl 2026, í höfuðstöðvum félagsins að Vegmúla 2, 108 Reykjavík, Íslandi.

Vísað er til tilkynningar sem birt var 24. mars 2026 um samkomulag um fjármögnun með fyrirvara um samþykki hluthafafundar.

Meðfylgjandi er fundarboð með dagskrá hluthafafundar og tillögum stjórnar, samþykktum félagsins með auðmerktum breytingum, eintaki af áskriftarsamningi, breytanlegu skuldabréfi, sérfræðiskýrslu KPMG ehf. um sanngirni kjara björgunarfjármögnunar og annarra skjala sem varða hluthafafundinn.

Jafnframt er vakin sérstök athygli á að frestur til að lýsa yfir áhuga á þátttöku í björgunarfjármögnun er til klukkan 16:00, mánudaginn 30. mars 2026.

Loks er vakin athygli á upplýsingum í fundarboði um fyrirkomulag rafrænnar forskráningar.

Áhættuþættir

Ef ekki tekst að ljúka fjármögnun er hætt á að félagið verði ógjaldfært. Fjárfestum er bent á að kynna sér stöðu félagsins vel áður en ákvarðanir eru teknar um kaup eða sölu hlutabréfa. Félagið mun upplýsa markaðinn um framvindu mála eftir því sem við á.

Nánari upplýsingar:

Egill Örn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri
Netfang: egillsig@solidclouds.com

Viðhengi

[SOLID CLOUDS HF. – boðun hluthafafundar](#)
[SOLID CLOUDS Hluthafafundur 1 4 2026 Dagskrá Og Tillögur Stjórnar](#)
[2026 04 01 SolidClouds Samþykktir Breytingar Auðmerktar](#)
[Solid Clouds Subscription Agreement For Convertible Bonds](#)
[Solid Clouds Tranche 1 Convertible Bond](#)
[Solid Clouds Skýrsla 33 Gr](#)
[Undirr 2026 03 26 Solid Clouds 33 Gr Staðfesting Endursk](#)
[Solid Clouds Hf Arsreikningur 2024](#)
[Undirr 2026 03 25 Solid Clouds Hf Sérfræðiskýrsla Skv 95 Gr A Hfl](#)